

Hverfisnefnd Oddeyrar

40. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla mánudaginn 1. september 2008 kl. 17:00, mætt voru Auður, Elli, Jónsi og Hjalti.

1. Formanni nefndarinnar barst bréf frá skrifstofustjóra Ráðhúss, Dagnýju Harðardóttur, um að skipaður verði vinnuhópur til að fara yfir erindisbréf hverfisnefndanna. Í framhaldi af því var hlutverk hverfisnefnda rætt og hvert það ætti að vera. Hverfisnefndir eiga að vera snertiflötur íbúanna við bæjarkerfið, spurning hvort þær eigi að vera á svipuðu mælikvarða og það að fara í viðtals tíma við bæjarfulltrúa. Eins og staðan er núna er mun áhrifameira að fara á fund bæjarfulltrúa en að hverfisnefndir beiti sér í málum. Það vantar farveg fyrir ábendingar nefndanna og að þeim sé svarað þannig að það sé ljóst hvaða stefnu málin taka. Hverfisnefndir eru góður grundvöllur til að veita bæjarkerfinu aðhald hvað varðar umhverfi, umgengni og viðhald í hverfinu. Hlutverk nefndanna er líka að reyna að auka samstöðu í hverfinu og þá tilfinningu að íbúar þess tilheyri einu og sama hverfinu, það er til dæmis gert með hátíðum og hreinsunardögum og öðru slíku.
2. Rætt var um hvort hverfisnefndir ættu að vera launaðar nefndir. Fundarfólki þótti það ekki sérlega góð hugmynd þar sem það breytti áherslu starfsins töluvert. Þá væri komin þrýstingur um lágmarks og hámarks starf í nefndinni, erfiðara væri að gagnrýna bæjarkerfið, fólk kæmi til starfa í nefndinni á öðrum forsendum. Þó þótti kannski ástæða til að launa störf formanna nefnda, ef þeir myndu þá rita fundargerðir og halda utan um fjármál nefndanna. Fjármálin voru aðeins rædd líka, hvort þörf væri orðin á gjaldkera í nefndinni, til að halda utan um það framlag sem nefndinni er úthlutað og hvernig því er varið.
3. Rætt um að græn svæði á Eyrinni eru ekki mörg og þykir mjög bagalegt að íbúar hafi ekki aðgang að bryggjum á svæðinu. Einnig rætt að opna þyrfti Akureyrarvöll fyrir almenningi og gera þar grænt svæði sem væri öllum opið. Aftur talað um mikilvægi hringtorgs á gatnamótum Grænugötu og Glerárgötu, bæði fyrir umferðaröryggi, hraða umferðar og aðkomu í og úr hverfinu.
4. Ákveðið var að aðalfundur hverfisnefndarinnar yrði haldinn á næstu vikum, formaður talar við Hólmkel um að halda erindi um Sældarbæ á fundinum. Það kom upp sú hugmynd að veita Hreiðrinu verðlaun fyrir gott fordæmi, viðhald og umhirðu á gömlu húsi á Eyrinni og frumkvæði í atvinnurekstri. Formaður fari yfir starf síðastliðins árs á aðalfundinum en svo verður Erlendur Steinar starfandi formaður í nefndinni fram að áramótum í staðinn fyrir Auði.

Fundi slitið kl. 18:00 og fleira ekki rætt